

Menntamál, menning, almannavarnir og löggæsla

**Ályktun Haustþings 2025
Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi**

Akranesi

29. október 2025



Leik- og grunnskólar

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að fylgja eftir sívaxandi fjölda barna í skólakerfinu sem eru af erlendum uppruna, og bregðast við því með sérstökum fjárveitingum til sveitarfélaga, meðal annars í gegnum Jöfnunarsjóð.**

Á Vesturlandi hefur fjöldi barna af erlendum uppruna tvöfaldast á árunum frá 2010–2025. Til að tryggja öllum jöfn tækifæri til menntunar þurfa sveitarfélögin aukið fjármagn til að sinna þessum hóp, meðal annars til íslenskukennslu, móðurmálskennslu og sértæks stuðnings.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja fjármagn til reksturs öflugrar stoðþjónustu við leik- og grunnskóla, í samræmi við lög um miðstöð menntunar og skólaþjónustu og farsældarlögin.**

Grunnskólar á Vesturlandi standa frammi fyrir fjölbreyttum þörfum nemenda. Til að uppfylla lagaskyldur og vilja sveitarfélaga til að veita börnum og fjölskyldum faglega og góða þjónustu, þarf að vera til staðar sanngjarnt fjármagn frá ríkinu til að sinna stoðþjónustu á landsbyggðinni.

Framhalds- og háskólar

- **Haustþing SSV fagnar allri umræðu og vilja til að efla skólastarf framhaldsskóla og styðja við faglega þróun þeirra. Þingið hefur þó verulegar efasemdir um að fyrirhugaðar breytingar á stjórnslu framhaldsskóla varðandi stofnun svæðisskrifstofa, styðji við markmið þess frumvarps sem kynnt hefur verið. Verði niðurstaðan sú að stofna svæðisskrifstofur fyrir framhaldsskóla landsins, leggur Haustþing SSV ríka áherslu á að ein slík skrifstofa verði staðsett á Vesturlandi og þjóni þeim landshluta. Jafnframt er brýnt að uppbygging nýrra stjórnsýslueininga skerði ekki fjármagn til kennslu og þjónustu við nemendur framhaldsskólanna.**

Hugmyndir ríkisvaldsins um breytingar á stjórnsýslu framhaldsskólastigsins eru nýlega kynntar og munu eflaust taka breytingum í umræðu og mótun. Ef svæðisskrifstofur fyrir framhaldsskólana verða stofnaðar þarf að tryggja að þær nýti kosti fjarvinnutækni til að samnýta starfsfólk og stýra þeim verkefnum sem færast þangað, án þess að rjúfa tengsl við skóla hvers svæðis. Mikilvægt er að það starfsfólk sem nú sinnir tilgreindum verkefnum við hvern framhaldsskóla geti áfram unnið þau verkefni frá sinni starfsstöð, þó að samræming og sérhæfing verkefnanna fari fram á svæðisskrifstofu. Þannig væri hægt að halda störfunum áfram í skólahverfi hvers framhaldsskóla, á sama tíma og staðþekking og reynsla haldast innan kerfisins, samfella í þjónustu er tryggð og byggt er á þeirri sérþekkingu sem þegar er til staðar til hagsbóta fyrir alla framhaldsskólana.

- **Haustþing SSV leggur þunga áherslu á áframhaldandi sjálfstæði allra framhaldsskólanna varðandi stjórnun og sérhæfingu í skólanámsskrá hvers**

skóla og að skólarnir haldi nafni sínu og fái tækifæri til að efla sína sérstöðu áfram.

Framhaldsskólarnir á Vesturlandi eru mjög mikilvægir hverju byggðalagi. Ef einhverjar breytingar verða gerðar á stjórnskipan framhaldsskóla, mega þær ekki veikja starfsemi skólanna né faglegt sjálfstæði þeirra á nokkurn hátt. Mikilvægt er að yfirvöld tryggi að skólameistari hvers skóla hafi áfram skýra stöðu sem forstöðumaður, með ábyrgð á eignum, fjárreiðum og daglegum rekstri skólans. Jafnframt þarf stjórn og fagleg forysta hvers skóla að halda áfram utan um stefnumótun og stjórnun, þannig að skólunum verði hvorki fjarstýrt af miðlægri stjórnsýslueiningu né starfsemi þeirra samræmd eða stöðluð á þann hátt að það skerði sérhæfingu, sérstöðu eða sjálfstæði skólanna. Því verður að tryggja að allir skólarnir geti áfram haldið úti öflugri starfsemi undir sínu nafni og ímynd, með áherslu á þá sérstöðu í námsvali og starfsháttum sem hver skóli hefur byggt upp og vill standa fyrir.

- **Haustþing SSV fagnar aukinni ásókn í iðnnám og hvetur ríkið til að tryggja fjármagn til að mæta þeirri þörf, fjölga menntuðum kennurum, bæta aðstöðu og tækjabúnað verknámsskóla og auka tækifæri til starfs- og iðnmenntunar á landsbyggðinni.**

Á Vesturlandi er Fjölbautaskóli Vesturlands (FVA) kjarnastofnun í iðnnámi bæði fyrir ungt fólk og í fullorðinsfræðslu. Þar er boðið upp á fjölbreyttar námsbrautir sem skipta atvinnulífið miklu máli. Mikil þörf er á verulegum endurbótum á tækjum og aðstöðu til iðnnáms við skólann svo hægt sé að mæta vaxandi aðsókn og þörfum atvinnulífsins um fagmenntað starfsfólk með þekkingu á starfsháttum og tækni nútímans.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja áframhaldandi stuðning við háskóla á Vesturlandi, þannig að hver stofnun geti áfram haldið úti sinni starfsemi og byggt á sérstöðu og sjálfstæði hvers skóla.**

Háskólar á Vesturlandi gegna lykilhlutverki fyrir svæðið og samfélagið í heild. Þeir efla menntun, rannsóknir og fræðslu, styðja við nýsköpun og atvinnulíf, og skapa mikilvægan grundvöll fyrir jákvæða byggðapróun og þekkingarsköpun um allt land. Mikilvægt er að háskólastarf á svæðinu sé rekið sem öflug mennta- og rannsóknastarfsemi sem styður við samfélög og eykur þekkingu, færni og tækifæri fólks til náms og starfa.

- **Haustþing SSV fagnar nýjum samningi atvinnuvegaráðuneytisins og Landbúnaðarháskóla Íslands sem gildir á árunum 2025–2027 og styrkir hlutverk skólans sem miðstöð þekkingar og nýsköpunar í landbúnaði.**

Með samningnum er ætlunin að samræma skólastarf, rannsóknarstarf og ráðgjöf við stefnu stjórnvalda um sjálfbærar landbúnað, loftslagsaðgerðir og matvælaframleiðslu. Samningurinn felur í sér rannsóknir, þróun, ráðgjöf og verkefni á sviði sjálfbærrar matvælaframleiðslu, loftslagsmála og nýsköpunar. Þetta er mikilvægt skref fyrir háskólastarf á Vesturlandi þar sem Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri gegnir lykilhlutverki í menntun, rannsóknum og ráðgjöf til stuðnings við sjálfbæra þróun landbúnaðar á Íslandi.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja að bóklegar námsbrautir á háskólastigi sem nú eru aðeins kenndar í staðnámi verði jafnframt boðnar í fjarnámi, þannig að allir landsmenn hafi jafnt aðgengi að þessu háskólanámi.**

Það er brýnt að Háskóli Íslands bjóði upp á fjarnám í öllum námslínunum til að rækja hlutverk sitt sem háskóli allra landsmanna. Vaxandi þörf á starfsfólki með sérhæfingu í sveitarfélögum og stofnunum undirstrikar enn frekar mikilvægi þess að háskólar sinni landsbyggðinni markvisst. Aðgengi að fjarnámi er lykilatriði til að tryggja að fólk geti lokið námi án búferlaflutninga og þannig eftir sérþekkingu og skapað kost á fagþjónustu um allt land. Dæmi eru um að skortur á fjarnámi í sumum fögum hindri fólk á landsbyggðinni í að ljúka starfsréttindum og geti því ekki nýtt menntun sína í heimabyggð.

- **Haustþing SSV fagnar ákvæðum í lögum um Menntasjóð námsmanna sem heimila tímabundnar ívilnanir við endurgreiðslu námslána fyrir háskólamenntað fólk sem velur að starfa á landsbyggðinni. Haustþingið hvetur ríkisvaldið til að tryggja fjármögnun og innleiðingu þessara heimilda án tafar.**

Í lögum um Menntasjóð námsmanna er heimild til ívilnana sem felur í sér að hluti námslána geti fallið niður fyrir háskólamenntað fólk sem velur að starfa á landsbyggðinni. Með útfærslu, fjármögnun og innleiðingu þessara heimilda má skapa hvata sem styrkir tengsl menntunar og atvinnulífs, stuðlar að því að sérhæfð þekking sé aðgengileg og eykur jafnræði í þjónustu um allt land. Fyrir Vesturland er þetta lykilatriði til að styðja við mönnun fólks með sérmenntun í grunnþjónustu og laða að ungt menntað fólk.

- **Haustþing SSV telur mikilvægt að allt viðurkennt nám, hvort sem þess er aflað hérlandis eða erlendis, sé markvisst metið til starfsréttinda á Íslandi með aðgengilegum og skilvirkum hætti. Mikilvægt er að allir sem hér búa og hafa sótt sér menntun, geti fengið viðurkennd starfsréttindi byggð á sínu námi og starfað hér á landi við sitt fagsvið í þágu samfélagsins.**

Víða um land er mikill mannauður, menntun og sérþekking sem nýtist ekki sem skyldi þrátt fyrir skýra þörf fyrir menntað fólk í samfélaginu, vegna þess að ekki eru aðgengilegir og skilvirkir ferlar í stjórnkerfinu til að meta menntun fólks að verðleikum. Með því að koma á aðgengilegu, einföldu og öruggu matskerfi með skilvirkum vinnuferlum sem tryggja skjótan og vandaðan farveg fyrir mat á öllu viðurkenndu námi má virkja þessa þekkingu og meta hana til viðurkenndra starfsréttinda til hagsbóta fyrir allt samfélagið.

- **Haustþing SSV leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að almenningssamgöngur styðji við menntun fólks á Vesturlandi og tryggi að nemendur hafi raunhæfan kost á að sækja framhalds- og háskólanám óháð búsetu.**

Vesturland er víðfeðmt og margir nemendur þurfa að sækja skóla langt frá heimili sínu. Góðar almenningssamgöngur er ein forsenda þess að ungt fólk geti nýtt sér menntunarmöguleika í heimabyggð og haldið áfram námi án þess að flytja burt. Þjónusta Strætó hefur þó verið misjöfn eftir svæðum, til dæmis er Fjölbrautaskóli Snæfellinga (FSN) eini framhaldsskólinn á landinu sem þarf að halda úti skólabílaakstri vegna skorts á fullnægjandi almenningssamgöngum. Með samstilltu átaki þarf að tryggja að almenningssamgöngur styðji við alla skólana á Vesturlandi og að jafnt aðgengi að námi sé tryggt fyrir alla.

Menningarmál

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að settar verði jafnræðisreglur um úthlutanir menningartengdra styrkja á vegum hins opinbera, þannig að listafólk á**

landsbyggðinni hafi jafnan aðgang að styrkúthlutunum, þar á meðal listamannalaunum.

Þegar skoðaðar eru úthlutanir á opinberum styrkveitingum sést verulegur halli milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar t.d. í úthlutunum listamannalauna og annarra menningarstyrkja. Með auknu jafnræði í úthlutunum styrkja skapast hvati fyrir listafólk að búa og starfa á landsbyggðinni.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að stuðla að uppbyggingu menningarhúss á Vesturlandi, líkt og gert hefur verið í öðrum landshlutum.**

Víða um land hafa verið byggð upp menningarhús í samstarfi við ríkið en Vesturland hefur setið eftir hvað það varðar. Vesturland er eini landshluttinn sem hefur ekki skilgreint menningarhús, því er mikilvægt að slíkt hús verði byggt í landshlutanum hið fyrsta. Menningarhús myndi styrkja menningarstarf, auka aðgengi íbúa að listum og menningu, og verða mikilvægt afl til að efla menningarlíf og samfélag og styðja við atvinnu- og byggðapróun svæðisins.

- **Haustþing SSV leggur áherslu á að komið verði á fót varðveislusetri safna á Vesturlandi, í samstarfi við ríkisvaldið. Setrið myndi hýsa varaeintakasafn Landsbókasafns Íslands og muni úr safnaeign annarra safna og höfuðsafna.**

Í dag er varaeintakasafn Landsbókasafns Íslands varðveitt í Reykholti í Borgarfirði, en þar er aðstaðan orðin of lítil fyrir þá starfsemi auk þess sem húsnæðið samræmist ekki kröfum er varðar varðveislu menningararfs. Með byggingu á nýju sameiginlegu varðveislusetri sem geymir bæði skjalasafn, muni og menningarminjar, má tryggja örugga og viðeigandi geymslu safnaeigna, nýta betur samvinnu safna og skapa á sama tíma nýja menningarinngiði sem styrkja Vesturland.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að styðja við uppbyggingu og rekstur safna, sýninga og setra á Vesturlandi, sem oft eru kostnaðarsöm í rekstri en hafa ríka þýðingu fyrir sérstöðu, ímynd og aðdráttarafl svæðisins.**

Með öflugum stuðningi við söfn, sýningar og setur má styrkja menningu og sjálfsmynd svæðisins, laða að ferðafólk og efla aðra þjónustu. Þessi starfsemi er mikilvæg sem menningar- og ferðainngiðir sem bæta lífsgæði íbúa og auka aðdráttarafl svæðisins.

Löggæsla

- **Haustþing SSV leggur þunga áherslu á að sýslumaður verði áfram staðsettur á Vesturlandi og að umdæmið sé sjálfstæð starfseining. Haustþingið skorar á ríkið að standa vörð um þjónustu sýslumannsembættisins og styrkja kjarnaverkefni þess á Vesturlandi.**

Sýslumannsembættið á Vesturlandi hefur burði til að sinna fjölbreyttum verkefnum og taka að sér sérverkefni. Mikilvægt er að embættið haldi áfram sjálfstæði sínu og að því sé tryggt nægt fjármagn og verkefni til að veita íbúum svæðisins góða þjónustu.

- **Haustþing SSV skorar á Alþingi að auka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi til að fjölga starfandi lögreglufólki, og tryggja nægjanlegan fjölda lögreglumanna á vakt á hverjum tíma svo lögreglan geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu á öruggan og faglegan hátt.**

Álag á lögreglu á Vesturlandi hefur aukist mikið m.a. vegna lélegs vegakerfis og mikillar umferðar fólks og þungaflutninga um landshlutann. Íbúum og ferðafólki fjölgar, en um 50% ferðamanna sem koma til landsins fara um Vesturland, auk þess sem lengri dvöl fólks í sumarhúsum yfir árið gerir raunverulegan fjölda íbúa margfalt meiri en skráður íbúafjöldi gefur til kynna. Því er brýnt að fjölga lögreglumönnum enn frekar og efla löggæslu á Vesturlandi til að tryggja viðunandi þjónustu og öryggi fyrir lögreglu, íbúa og gesti.

- **Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að bæta úr húsnæðis- og aðstöðuleysi lögreglu og viðbragðsaðila á Vesturlandi.**

Aðstaða lögreglu á Vesturlandi er víða ófullnægjandi, einkum í Borgarnesi, Búðardal og Grundarfirði. Mjög brýnt er að bæta starfsaðstöðu, sem er grunnforsenda fyrir viðunandi viðveru, þjónustu og öryggi – bæði fyrir almenning og lögregluna sjálfa á Vesturlandi.

- **Haustþing SSV skorar á Alþingi og dómsmálaráðuneytið að fullfjármagna úrvinnslu gagna úr löggæslumyndavélum sem lögreglan á Vesturlandi hefur annast í um 15 ár.**

Verkefnið hefur alla tíð verið vanfjármagnað, þrátt fyrir að skila ríkinu verulegum tekjum. Þar sem nú er í umræðunni að fjölga myndavélum er brýnt að tryggja fjármögnun á þessu mikilvæga verkefni.

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að hraða allri undirbúningsvinnu, tryggja fjármögnun og stuðla að því að ný miðstöð lögreglu og slökkviliðs í Borgarnesi rísi hratt og örugglega.**

Undirbúningur að nýrri miðstöð er þegar hafinn í samstarfi Borgarbyggðar og Framkvæmdasýslunnar, en nú þarf ríkið að tryggja fjármögnun. Þessi miðstöð mun verða lykilinnviður fyrir viðbragðsöryggi á Vesturlandi og mun bæta verulega húsnæði og aðstöðu fyrir lögreglu og slökkvilið í Borgarnesi sem nú er ófullnægjandi.

Almannavarnir

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að bregðast strax við og hafa frumkvæði að því að vinna sérstaka viðbragðsáætlun fyrir þau svæði landsins sem eru innan brautar almyrkva á sólu 12. ágúst 2026.**

Almyrkvi á sólu er einstakur atburður sem margir vilja verða vitni að ef þeir hafa tækifæri til. Braut almyrkvans liggur yfir Vesturland, sem verður því eitt eftirsóknarverðasta svæðið á Íslandi til að upplifa þennan einstaka atburð. Því mun mikill fjöldi fólks og farartækja streyma inn á Vesturland á þessum tíma. Slíkt kallar á skipulagðar öryggis- og viðbragðsáætlanir fyrir samgöngur, heilbrigðisþjónustu og almenna viðbragðsaðila. Nauðsynlegt er að tryggja fjármagn og samhfæingu aðgerða í tíma svo undirbúningur verði vandaður og tryggt að samfélög og gestir geti notið atburðarins með öruggum og farsælum hætti.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja fjármagn til aukinna rannsókna og vöktunar á eldstöðvakerfum á Vesturlandi, tryggja öruggt fjarskiptasamband á öllum svæðum og stuðla að auknu samráði og samstarfi viðbragðsaðila.**

Á Vesturlandi eru virk eldstöðvakerfi sem mikilvægt er að fylgjast vel með og hafa ávallt uppfært áhættumat og viðbragðsáætlanir. Til að tryggja öryggi íbúa og gesta þarf einnig að hafa öruggt fjarskiptasamband, bæði í byggð og við eldstöðvar. Mikilvægt er að til staðar séu samræmdar viðbragðsáætlanir fyrir allt svæðið, byggðar á samráði sveitarfélaga, lögreglu, björgunarsveita, slökkviliða og heilbrigðisstofnana, og að þær séu innleiddar hjá öllum sem hlut eiga að máli. Með þessum aðgerðum má auka þekkingu, efla samhæfingu, styrkja viðbúnað og tryggja traust samfélagsins á öflugum almannavörnum.